


Skólanámskrá Öskjuhlíðarskóla – 2. hluti

Hlutverk – markmið – og starf Öskjuhlíðarskóla



2009

Efni

Stofnun Öskjuhlíðarskóla.....	3
Hlutverk og markmið skólastarfsins	3
Stjórnun.....	5
Starfsfólk.....	5
Nemendur (innritun – útskrift).....	6
Námsumhverfi.....	7
Rekstur – fjármál.....	9
Annað	9

Stofnun Öskjuhlíðarskóla

Öskjuhlíðarskóli er við Suðurhlíð 9 í Reykjavík. Flutt var í fyrsta áfanga skólahússins árið 1975 og í annan áfanga árið 1987. Þriðji áfangi hefur ekki enn verið byggður. Í honum er m.a. gert ráð fyrir íþróttasal og sundlaug og aðstöðu fyrir lækni, skólahjúkrunarfræðing og sjúkra- og iðjuþjálfun. Sú starfsemi er því í húsnæði, sem ekki var upphaflega ætlað henni.

Upphaf skólans má miða við stofnun Höfðaskóla árið 1961, en sá skóli var rekinn af Reykjavíkurborg í leiguhúsnæði við Sigtún í Reykjavík. Þegar flutt var í hið nýja skólahúsnæði í Öskjuhlíðinni árið 1975 tók ríkið við rekstri skólans og um leið var hann sameinaður öðrum sérskóla, *Skóla fjölfatlaðra*, sem þá hafði starfað í 3 - 4 ár. Í Höfðaskóla voru u.þ.b. 100 nemendur en í Skóla fjölfatlaðra voru 15 nemendur. Nú eru 97 nemendur í Öskjuhlíðarskóla.

Magnús Magnússon, skólastjóri Höfðaskóla, varð fyrsti skólastjóri Öskjuhlíðarskóla. Hann lét af því starfi árið 1977 þegar hann tók við starfi sérkennslufulltrúa ríkisins í menntamálaráðuneytinu. Jóhanna G. Kristjánsdóttir tók þá við starfi skólastjóra og gegndi því til ársins 1987. Þá tók Einar Hólm Ólafsson við til loka ársins 2005. Núverandi skólastjóri er Dagný Annasdóttir, en hún hefur gegnt starfinu frá 1. mars 2006 (*Sjá nánar 9. hluta námskrárinnar: Ágrip af sögu skólans*).

Hlutverk og markmið skólastarfsins

Öskjuhlíðarskóli er sérskóli fyrir börn með þroskahömlun og fjölfatlaða á aldrinum 6-16 ára (skyldunám 1.-10. bekkur). Hann er einn af grunnskólum landsins og styðst við aðalnámskrá grunnskóla.

Í reglugerð um sérkennslu nr. 270/1977 var gerð nokkuð glögg grein fyrir fötlun nemenda skólans, en þar segir: „Öskjuhlíðarskóli í Reykjavík [er] sérskóli (hæfingarskóli) fyrir andlega þroskahefta nemendur og fjölfatlaða.“ Í sömu reglugerð eru hæfingarskólar tilgreindir fyrir nemendur, sem mælast með greindarvísitölu u.þ.b. 50-70. Í seinni reglugerðum um sérkennslu, útgefnum 1990, 1992 og 1996 er ekki um skýra afmörkun nemendahópsins að ræða.

Lög um grunnskóla nr. 66/1995 og reglugerð um sérkennslu nr. 389/1996 marka ramma um skólastarfið. Í 38. grein laganna segir:

„Sveitarfélög skulu annast rekstur sérdeilda/sérskóla fyrir nemendur sem ekki geta notið kennslu við hæfi í almennri bekkjardeild grunnskóla. Þeim er ætlað:

- að veita nemendum sérhæft námsumhverfi í lengri eða skemmri tíma,
- að veita starfsfólki almennra grunnskóla ráðgjöf og kennslufræðilegan stuðning.

Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennslu í sérdeildum/sérskólum þar sem því verður við komið.“

Í 3. grein reglugerðarinnar segir:

„Sérkennsla felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluáðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á

sama aldri er boðið upp á. Sérkennsla er skipulögð til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans, jafnvel alla skólagöngu hans. Sérkennsla einstakra nemenda eða nemendahópa fer fram innan eða utan almennra bekkjardeilda, í sérdeildum, í sérskólum eða annars staðar.

Í sérkennslu felst m.a.:

- a) Gerð rökstuddrar námsáætlunar fyrir nemendahóp eða hvern einstakling sem byggð er á upplýsingum um heildaraðstæður nemanda og á athugun og mati á stöðu hans í námi og þroska. Tilgreind skulu langtíma- og skammtímamarkmið með kennslunni.*
- b) Kennsla samkvæmt námsáætlun.*
- c) Skipuleg skráning og regluleg endurskoðun á námsáætlun og kennslu. “*

Í Aðalnámskrá grunnskóla 1999 (bls. 14) segir m.a. svo um hlutverk og markmið grunnskóla: „*Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins.*“

Sú kennsla, sem fram fer í Öskjuhlíðarskóla, hefur þessa þætti að leiðarljósi.

Markmið skólstarfsins er að gera nemendur hæfa til þátttöku í samfélaginu á sem flestum sviðum eftir því sem geta þeirra leyfir. Rík áhersla er lögð á að fylgjast vel með allri viðleitni fræðsluyfirvalda til frekari uppbyggingar og áherslubreytinga í kennsluháttum í almennum grunnskólum til úrbóta fyrir nemendur með skerta námshæfni, ef vera mætti að nemendur Öskjuhlíðarskóla ættu möguleika á að nýta sér þau námstilboð. Starfsfólk Öskjuhlíðarskóla leitast við að haga störfum sínum í samræmi við námslegar þarfir nemenda skólans og leggur áherslu á stöðuga endurskoðun og þróun í skólstarfinu.

Skólanámskrá Öskjuhlíðarskóla er í stöðugri endurskoðun. 3. hluti skólanámskrárinnar, „*Markmið og inntak náms*“ auðveldar starfsfólki að velja markmið og viðfangsefni við hæfi hvers nemanda. Þar segir m.a.: „*Í upphafi skólagöngu og fyrstu skólaárin er megináherslan lögð á að efla þroska nemenda á sem flestum sviðum. Um miðbik skólagöngunnar er lögð áhersla á að nemendur nái árangri í viðfangi við hinar hefðbundnu skólanámsgreinar. Í lok skólagöngunnar er mjög litið til þess sem bíður nemenda þegar grunnskóla lýkur, athugað hvaða færni er krafist af þegnum og leitast við að gera nemendur sem best sjálfbjarga við dagleg störf og athafnir.*“

Eitt af hlutverkum Öskjuhlíðarskóla er að veita ráðgjöf. Árið 1979 fékkst fyrst heimild til að ráða við skólann sérkennara, er hefði m.a. með höndum sérkennslufræðilega ráðgjöf til þeirra, sem leituðu eftir slíkri aðstoð. Nú sinnir sérstakur ráðgjafarþroskaþjálfari ráðgjöfinni. Hann tekur við beiðnum um ráðgjöf, metur hvernig viðkomandi beiðnum verður best mætt innan skólans og kallar til ýmsa aðila til að veita ráðgjöf allt eftir eðli og umfangi hverrar beiðni fyrir sig. Sérkennsluráðgjöf Öskjuhlíðarskóla felst fyrst og fremst í ráðgjöf til kennara sem leita ráðgjafar vegna nemenda sinna. Þannig beinist ráðgjöfin yfirleitt ekki beint að nemendunum sem þurfa á aðstoð að halda vegna námserfiðleika – heldur þeim sem bera ábyrgð á kennslu viðkomandi nemenda. Í framtíðinni má gera ráð fyrir að ráðgjafarþátturinn verði umfangsmeiri, m.a. vegna þess að almenni grunnskólinn er stöðugt að laga sig að kennslu breiðari hóps og sækir þar af leiðandi í auknum mæli eftir þeirri sérþekkingu og reynslu, sem er til staðar innan veggja Öskjuhlíðarskóla. (*Sjá nánar um ráðgjafarhlutverk skólans á heimasíðu.*)

Stjórnun

Stjórnun skólans er í höndum skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og tveggja deildarstjóra sem báðir eru í 50% starfi við deildarstjórn.

Skólastjóri sér um mannaráðningar og allt er að þeim lýtur ásamt daglegum fjárhagsrekstri og áætlanagerð þar að lútandi. Hann skipuleggur og stýrir starfsmannafundum og boðar til ýmissa funda með sérfræðingum skólans, kennararáði og foreldraráði. Skólastjóri sinnir tengslum við Menntaráð og ýmsa þá aðila utan skólans er tengjast nemendum og þá um leið starfi skólans.

Aðstoðarskólastjóri sér um daglega verkstjórn og stundaskrárgerð. Hann ber ábyrgð á skráningum og bókhaldi varðandi forföll starfsmanna og afleysingar í tengslum við þau. Tengsl við Námsgagnastofnun eru á hendi aðstoðarskólastjóra, auk innkaupa efnis vegna daglegs skólahalds.

Deildarstjórar hafa á hendi daglega umsýslu og stjórnun hvor í sinni deild, sem eru yngri deild, 1.-5. bekkur, og eldri deild, 6.-10. bekkur. Þeir sinna viðbrögðum við tilfallandi forföllum starfsfólks og skipuleggja og hafa umsjón með símenntun starfsfólks.

Störf skólastjórnenda skarast og hafa þeir nána samvinnu og samráð sín á milli, svo sem um faglega forystu innan skólans.

Starfsmannafundir eru haldnir einu sinni í viku auk fræðslufunda og funda sem nýttir eru til umræðna og hópvinnu. Auk þessara föstu samstarfsfunda, sem eru innan bundinnar viðveru kennara, skipuleggja skólastjórnendur aðra fundi, m.a. samstarfsfundi, foreldrafundi og fundi með ýmsum sérfræðingum.

Á skólaárinu er heimilt að ráðstafa nokkrum dögum til annarra starfa en kennslu. Skólastjórnendur skipuleggja þessa starfsdaga í samvinnu við kennararáð skólans, sem skipað er þremur kennurum. Skólaráð er kosið til eins árs í senn og er hlutverk þess að vera skólastjóra til ráðuneytis um stjórn skólans.

Starfsfólk

Auk skólastjórnenda starfa kennarar, þroskaþjálfar og leikskólakennarar við skólann, félagsráðgjafi í 50% starfi og sálfræðingur í 25% starfi. Stuðningsfulltrúar starfa í mörgum bekkjardeildum. Skrifstofustjóri og umsjónarmaður húseigna starfa við skólann auk starfsfólks við ræstingu. Sjúkraþjálfarar og iðjuþjálfar veita þjónustu í skólanum, en skólinn kaupir þá þjónustu frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra. Talmeinafræðingar starfar sem verktakar við skólann. Þeir vinna að mestu við greiningu talmeina og ráðgjöf til fagfólks skólans og foreldra nemenda. Hjúkrunarfræðingur og læknir frá Heilsugæslu Hlíðasvæðis veita skólanum þjónustu og tannlæknir starfar við skólann einn dag í viku

Ýmsir straumar og stefnur í uppeldis- og kennslufræði hafa í gegnum árin haft mótandi áhrif á dagleg störf og persónuleg og fagleg viðhorf kennara og annars starfsfólks Öskjuhlíðarskóla og markað stefnu skólans. Margir kennarar skólans, þroskaþjálfar og leikskólakennarar hafa stundað nám í sérkennslufræðum, enda er gert ráð fyrir að við Öskjuhlíðarskóla starfi kennarar sem hafa lokið tveggja ára námi í sérkennslufræðum til viðbótar við almennt kennaranám. Einnig er gert ráð fyrir að starfsmenn sækji námskeið í skólanum eða utan hans. Kennarar, þroskaþjálfar, leikskólakennarar, stuðningsfulltrúar, umsjónarmaður og skrifstofustjóri velja sér þætti inn á símenntunaráætlun sína í samræmi við áætlun skólans. Símenntunaráætlun Öskjuhlíðarskóla er kynnt starfsmönnum á haustönn og gildir út skólaárið. Símenntun getur t.d. falið í sér að starfsmenn vinni að umbótar- eða þróunarverkefnum, stundi sjálfsnám, myndi leshringi og fari í skólaheimsóknir. (*Sjá nánar 7. hluta skólanámskrárinnar: [Símenntunaráætlun](#)*).

Nemendur (innritun – útskrift)

Starfsreglur um innritun nemenda eru eftirfarandi:

1. Allar umsóknir um skólavist skulu sendar skólastjóra eða Menntasviði Reykjavíkur. Umsóknir þurfa að berast u.þ.b. hálfum mánuði fyrir inntökufund, sem haldinn er í byrjun maí ár hvert.
2. Foreldrar/forráðamenn væntanlegra nemenda sækja um skólavist fyrir barnið.
3. Með umsókn þarf að fylgja greinargerð greiningaraðila og aðrar tiltækar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, t.d. umsögn kennara o.fl.
4. Fjallað er um umsóknir á sérstökum inntökufundum sem skólastjórnendur, sálfræðingur skólans og félagsráðgjafi, fulltrúar kennara skólans og sérkennslufulltrúi frá Menntasviði Reykjavíkur sitja.

Við innritun er m.a. tekið mið af eftirfarandi:

- Reglugerð um sérkennslu.
 - Sýnt hafi verið fram á að í viðkomandi hverfisskóla/heimaskóla sé ekki unnt að veita nemandanum viðunandi námsskilyrði.
 - Óskum foreldra.
 - Námstilboðum Öskjuhlíðarskóla.
 - Svigrúmi í Öskjuhlíðarskóla til að byggja upp ný námstilboð.
5. Áður en sótt er um skólavist er foreldrum/forráðamönnum boðið upp á viðtal og heimsókn í skólann.
 6. Þessum vinnuaðferðum er m.a. ætlað að tryggja að öll hugsanleg úrræði hafi verið athuguð í hverfis- eða heimaskóla viðkomandi barns, áður en sótt er um skólavist í Öskjuhlíðarskóla.

Þó svo að nemendur útskrifist yfirleitt að loknu námi í 10. bekk, eru þess mörg dæmi að nemendur útskrifist fyrr og þá í almenna skóla. Starfsfólk Öskjuhlíðarskóla og foreldrar/forráðamenn nemenda skólans þurfa ætíð að vera vakandi fyrir því að kynna fyrir hlutaðeigandi hverfisskólum og/eða sérdeildum þá nemendur, sem ætla má að geti nýtt sér skólavist í almennum skóla.

Áður en til útskriftar kemur við lok grunnskóla býður skólinn nemendum og foreldrum þeirra til kynningarfundar þar sem námstilboð sem nemendum standa til boða í framhaldsskólum eru kynnt.

Námsumhverfi

Húsnæði – aðbúnaður

Í skólanum eru 14 almennar kennslustofur og 5 hópherbergi í tengslum við þær, 6 sérgreinastofur auk leikfimisalar og 2 „lausar“ kennslustofur. Aðstaða er fyrir sjúkra- og iðjuþjálfun, heilsugæslu og tannlækni. Einnig er bókasafn og námsgagnasafn í skólanum. Vinnuaðstaða og kaffistofa starfsfólks, ásamt skrifstofum skólastjórnenda, sálfræðings og félagsráðgjafa, eru miðsvæðis í skólabyggingunni. Umhverfis skólann er rúmlegt, afgirt leiksvæði.

Skóladagurinn í Öskjuhlíðarskóla er um flest líkur hefðbundnum skóladegi í almennum grunnskóla. Stundaskrá nemenda tekur mið af grunnskólalögum hvað varðar vikulegan kennslustundafjölda. Skólinn er einsetinn og kennsla hefst kl. 8.10. Hádegis-, útvistar- og næðisstund er skipulögð inn á stundaskrá allra nemenda skólans. Foreldrum gefst kostur á að kaupa heitan bakkamat fyrir börn sín í hádeginu. Mikill meirihluti nemenda nýtur akstursþjónustu skólabíla, sem Strætó b.s rekur. Fyrirtækið Allrahanda sinnir skólaakstrinum.

Skóladagvist fyrir nemendur skólans er rekin af Íþrótt- og tómstundaráði Reykjavíkur í húsnæði á vegum skólans, í skólanum sjálfum og við Vesturhlíð.

Innan skólans starfar *félagsmálanefnd* (5 starfsmenn skólans), sem hefur umsjón með félagsstarfi nemenda. Nefndin skipuleggur skemmtidagskrá fyrir nemendur einu sinni í mánuði allt skólaárið. Viðfangsefnin eru fjölbreytt, þar má nefna skemmtikvöld, páskabingó, keilukvöld, „opið hús“ og ferðir í kvikmyndahús, leikhús og veitingahús.

Nemendahópar, námsáætlanir einstaklingsnámskrár og námsmat

Samsetning bekkjardeilda ræðst að mestu af aldri nemenda og hámarksfjölda í bekk, en ekki fötlun. Mikil breidd er því innan bekkjardeildanna, bæði hvað varðar námslega og félagslega stöðu nemenda. Kennslan er þar af leiðandi oftast einstaklingsmiðuð og mjög er breytilegt hversu margir kennarar og aðrir starfsmenn starfa við hverja bekkjardeild. Fer það eftir fötlun og ástandi nemenda. Í sumum tilvikum er bekkjardeildum skipt upp hluta úr deginum og myndaðir nýir hópar á svipuðu getustigi óháð aldri nemenda. Í þessum hópum eru oft nemendur úr 2 til 3 bekkjardeildum.

Í byrjun hvers skólaárs vinna kennarar og annað starfsfólk bekkjardeilda að gerð námsáætlana, bæði fyrir bekkjardeildir og einstaklinga, út frá námskrá skólans, fyrirbyggjandi upplýsingum og óskum foreldra/forráðamanna. Þessar áætlanir og einstaklingsnámskrár eru síðan kynntar foreldrum/forráðamönnum og leitað álits þeirra á þeim. Að því loknu eru áætlanir og einstaklingsnámskrár kynntar skólastjórnendum. Áætlanir og einstaklingsnámskrár eru endurskoðaðar reglulega samhliða námsmati.

Við mat á námsárangri nemenda Öskjuhlíðarskóla þurfa allar viðmiðanir um hraða, tileinkun og færni að miðast við nemandann sjálfan og það námsefni sem honum er ætlað að læra samkvæmt einstaklingsnámskrá. Umsagnir um framvindu náms nemenda eru í formi umsagna /vitnisburða) í samfelldu máli. Nemendur fá skriflegan vitnisburð í lok hvers skólaárs. (Sjá nánar 5. og 6. hluta skólanámskrárinnar: *Gerð áætlana og einstaklingsnámskráa – Námsmat*).

Kennslugögn

Fyrir sérskóla eins og Öskjuhlíðarskóla er knýjandi nauðsyn að hafa úrval sérhæfðra og fjölbreyttra náms- og kennslutækja. Skólinn býr að mörgu leyti við nokkuð góðan tækjakost, en stöðugt er þörf á endurnýjun. Í skólanum er nokkuð gott bókasafn, sem bæði kennarar og nemendur nýta töluvert. Jafnframt hafa kennarar samið og safnað fjölbreyttum verkefnum. Koma þau að góðum notum í skólastarfinu og einnig hafa kennarar úr öðrum skólum nýtt sér þau.

Þróunar- og samstarfsverkefni

Allt frá stofnun Öskjuhlíðarskóla hefur verið leitast við að þróunar-, nýbreytni- og/eða samstarfsverkefni fari fram í Öskjuhlíðarskóla.

- Á undanförunum árum hefur skólinn fengið styrki til ýmissa þróunarstarfa m.a. úr Þróunarsjóði grunnskóla. Vert er að nefna t.d. þróun *Blisskennslu*, þróunarverkefni um *námsmat* og þróunarverkefni í *tónmennt* með samþættingu við ýmsar aðrar námsgreinar. Unnið hefur verið að þróun vinnubragða í kennslu „*tákn með tali*“ og varðandi „*skipulögð vinnubrögð*“. Þá hefur einnig verið gerð tilraun með *kerfisbundna hreyfipjálfun* fyrir nokkra hreyfihamlaða nemendur þar sem að nokkru leyti er stuðst við þjálfunaræfingar, sem Petö-stofnunin í Ungverjalandi hefur þróað.

- Vorið 2004 fengu verk- og listgreinakennarar Öskjuhlíðarskóla ásamt brúðugerðarmeistara styrk úr Pokasjóði til brúðu- og grímugerðar með nemendum skólans. Verkefnið felur í sér sköpun, leikræna tjáningu og samþættingu list- og verkgreina við íslensku og lífsleikni.

- Á árunum 2000- 2004 tók Öskjuhlíðarskóli þátt í evrópsku samstarfsverkefni: „Fjölbreytni Evrópu – hagur okkar allra“. Að því verkefni komu einnig Dei Schule am Bienwaldring sem er sérskóli í Berlín og Karlsbergsskólan sem er grunnskóli með sérdeild í Karlskoga í Svíþjóð.

- Öskjuhlíðarskóli er einn af þátttökuskólum í verkefninu „*Lesið í skóginn*“ sem er samvinnuverkefni á vegum Menntasviðs Reykjavíkur og fleiri aðila. Í tengslum við það verkefni hefur skólanum verið afhentur grenndarskógur í næsta nágrenni skólans. Grenndarskógurinn hefur hlotið nafnið Lundarskógur.

- Öskjuhlíðarskóli er einnig einn af þeim grunnskólum sem tekur þátt í verkefninu „*Skólavist*“ á vegum Menntasviðs Reykjavíkur. Verkefnið felur í sér að vinna að umhverfismálum í skólastarfinu. Má þar m.a. nefna þætti svo sem orkusparnað, flokkun á pappír og leiðir til að minnka sorp.

Samstarf

Kennarar sem starfa við Öskjuhlíðarskóla vinna í langflestum tilvikum með öðrum kennara, þroskaþjálfara eða leikskólakennara inni í skólastofunni. Slíkt fyrirkomulag kallar á nána samvinnu, þar sem þessir starfsmenn þurfa sameiginlega að skipuleggja skóladaginn, ákveða tilhögun kennslunnar og velja námsefni og viðfangsefni nemenda. Í skólanum starfa auk fagfólks í kennslunni allmargir sérfræðingar á mismunandi sviðum, sem veita nemendum þjónustu af ýmsu tagi. Oftast er um að ræða mjög náíð samstarf milli þeirra, sem bera ábyrgð á bekkjarkennslunni, og hinna, er veita þessa sérhæfðu þjónustu, enda er það yfirleitt forsenda þess að góður árangur náist. (*Sjá nánar 4. hluta skólanámskrárinnar: Sérhæfðar áherslur og kennsluáðferðir*).

Bekkjjarstarfsmenn og aðrir sérfræðingar þurfa í sameiningu að tengja saman mismunandi kennslu- og þjálfunaraðferðir og bekkjarstarf. Þar má m.a. nefna sjúkra- og iðjuþjálfun og talkennslu. Fyrir þá nemendur, sem vegna fötlunar sinnar eiga við

alvarlega tal- og/eða málhömlun að stríða, er leitast við að finna heppilega tjáskiptaleið, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum best. Öll þessi þjálfun og kennsla fer ýmist fram í sértímum, eða inni í bekkjardeildum. Þannig á sér stað mikið samstarf milli faghópa innan skólans.

Lögð hefur verið áhersla á gildi góðra og jákvæðra samskipta milli skólans og heimila nemendanna og þeirra stofnana, sem veita þeim þjónustu. Kennarar hafa fasta símaviðtalstíma fyrir foreldra/forráðamenn í hverri viku. Einnig eru foreldrar boðaðir til funda með bekkjarstarfsmönnum þrisvar á vetri, og oftár ef þurfa þykir.

Samkvæmt grunnskólalögum skal skólaráð starfa við hvern grunnskóla. „Skólaráð fjallar m.a. um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.“ (sjá nánar um skólaráð á heimasíðu skólans). Skólastjóri boðar til fundar með skólaráði nokkrum sinnum á ári. Í skólaráði við Öskjuhlíðarskóla eru skólastjóri, fulltrúar foreldra og starfsmanna.

Rekstur – fjármál

Skólinn var ekki skipulagslega tengdur neinni fræðsluskrifstofu á árunum 1975-1989, en þjónaði öllum fræðsluumdæmunum átta. Árið 1989 var ákveðið að skólinn skyldi lúta faglegri stjórn Menntasviðs Reykjavíkurmæmis og var svo til 1. ágúst 1996, að Reykjavíkurborg tók við rekstri skólans og heyrir hann nú undir Menntasvið borgarinnar. Skólinn þjónar þó áfram nemendum úr öllum sveitarfélögum.

Skólastjóri gerir rekstraráætlun fyrir skólann og ber ábyrgð á að daglegur rekstur sé innan fjárheimilda. Áætlunin tekur til kennslumagns, starfsmannahalds, viðhalds og annarra þátta í daglegum rekstri skólans. Sveitarfélög utan Reykjavíkur greiða námsvistargjöld fyrir nemendur viðkomandi sveitarfélaga. Ráðgjöf sem kennarar skólans veita utan Reykjavíkur er greidd af viðkomandi sveitarfélagi.

Annað

Foreldra- og styrktarfélag

Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla hefur starfað við skólann frá stofnun hans. Stærsta verkefnið á vegum félagsins er rekstur sumardvalar fyrir nemendur skólans, sem mikill meirihluti þeirra nýtir sér ár hvert. Einnig stendur félagið fyrir fræðslufundum fyrir félagsmenn á hverjum vetri sem og skemmtunum fyrir nemendur. Félagið hefur ávallt látið málefni skólans sig miklu varða og hefur m.a. veitt styrki til kaupa á ýmsum tækjum fyrir skólann. (Sjá nánar: *Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla*)